

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 6. júní kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1212. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Óskar Torfi Þorvaldsson, Edda Þórsdóttir, Kristín I B. Sverrisdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

- Álfabakki 12 - USK23030203** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem lokað hefur verið fyrir stigaopi og stigi fjarlægður á milli fyrstu hæðar, 0101, og kjallara, 0003, og séreign breytt í tvær notkunareiningar, inngangshurð breytt og færð til ásamt nýjum breytingum þannig að innra skipulagi verði breytt undir starfsemi snyrtistofu sem var áður verslun í mhl. 0101 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 12 við Álfabakka.
Erindi fylgir samþykki eiganda fasteignar mhl. 0101, dags. 6. mars 2023, lóðauppdráttur dags. 26. október 2018, mæliblað dag 11. nóvember 1981 og vottorð húsaskoðunar dags. 23. maí 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
- Brautarholt 20 - BN061457** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056695, gerð klæðningar utan um flóttastiga í bakgarði verði timburklæðning, þvert á stigaradíus við matshluta 1-3, hús á lóð nr. 18 við Brautarholt.
Erindi fylgir bréf hönnuðar, dags. 6. september 2022 og yfirlit breytinga unnið á aðaluppdrætti erindis nr. BN060633, samþykktur þann 1. mars 2022.
Gjald kr.12.600.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
- Bústaðavegur 83 - USK23040088** Sótt er um leyfi til að hækka þak og setja 2 kvisti og klæða með aluzink báruklæðingu, setja fjóra þakglugga, nýjar stálsvalir fyrir framan suðurkvist, breyta innra fyrirkomulagi á 2. hæð og risi, nýjan lokaðan stiga frá 2. hæð upp í ris, burðarveggur á milli herbergja á 2. hæð fjarlægður og stálbiti settur í staðinn ásamt því að stækka baðherbergi inn í hjónaherbergi, í risi verða 2 herbergi, baðherbergi og geymsla í húsi á lóð nr. 83 við Bústaðaveg.
Stækkun: 58,5 ferm., 106 rúmm. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023 og athugasemda.
- Drápuhlíð 2 - USK23050101** Sótt er um leyfi fyrir tveimur bílastæðum á lóð nr. 2 við Drápuhlíð.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 01.mars 2023.
Gjald kr.14000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
- Dyrhamrar 9 - USK23050173** Sótt er um leyfi til þess að bæta aðgengi og flóttaleiðir hreyfihamlaða einstaklinga með því að gera skábraut með snjóbræðslu að aðalinngangi jarðhæðar við Hamraskóla á lóð nr. 9 við Dyrhamra.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 12. maí 2023.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

6. **Efstasund 21 - USK23040089** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. breytingar á burðarvirki og innra skipulagi jarðhæðar í húsi á lóð nr. 21 við Efstasund.
Erindi fylgja bréf hönnuðar dags. 26. apríl og 25. maí 2023, teikning af nýjum burðarbita dags. í mars 2023 og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 25. maí 2023.
Áður gerð stækkun:
Gjald kr.14.000.
Frestað. Lagfæra skráningu.
7. **Fjallkonuvegur 1 - USK23050055** Sótt er um leyfi fyrir spenn- og rofastöð á lóð nr. 1 við Fjallkonuveg.
Gjald kr.14000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og vísað til athugasemda.
8. **Fossaleyfir 1 - BN061666** Sótt er um leyfi til að byggja snjallsorplausn í matshluta nr. 04 við vestur lóðarmörk á lóð nr. 1 við Fossaleyfir.
Stærðir:
Mhl. 04: 109,8 ferm., 422,9 rúmm.
Erindi fylgir:
Bréf hönnuðar dags. 17. apríl 2023, yfirlit breytinga á skýringarblöðum hönnuðar.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. **Fífurimi 13 - BN061780** Sótt er um leyfi til að reisa timburtengibyggingu með einhalla þaki við leikskólann Fífuborg og breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 13 við Fífurima. Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm. Stærð eftir br.: xx,x ferm., 3.011,3 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. nóvember 2022. Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Garðsstaðir 39 - USK23040102** Sótt er um leyfi til að stækka núverandi hús, þannig að hlið sem snýr til suðvesturs lengist um 4 metra og verður allur frágangur útveggja, glugga, þaks og kanta í samræmi við það sem fyrir er, í húsi á lóð nr.39 við Garðsstaði.
Erindi fylgir hæðarblað dags. 12.mars 1997.
Stækkun: 37 ferm., 139 rúmm.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. **Geirsgata 4 - USK23020253** Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í hluta rýmis 0102 í mhl. 04 Geirsgötu 4 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. **Gufunesvegur 10 - USK23040138** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060304 þannig að innra skipulagi og flóttastigum utanhúss er breytt, jafnframt er sótt um leyfi fyrir einnar hæðar viðbyggingu við austurgalf þjónustuhúss starfsmanna, mhl.02 á lóð nr. 10 við Gufunesveg. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 1. júní 2023. Ekki gerðar athugasemdir. Stækkun 132.3 ferm., 449.6 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 11. janúar 2022. Gjald kr. 14.000. *Frestað. Vísað til athugasemda og niðurstöðu embættisfundar skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2023.*
13. **Hallgerðargata 13 - USK23050026** Sótt er um leyfi fyrir þjónustuskilti á lóð sem er 1,5 m á breidd x 4,0 m á sídd á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu. *Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
14. **Hamarsgerði 6 - BN060280** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029804 og byggja kvisti á suðurhlíð, ásamt því að breyta gluggum á 1. og 2. hæð einbýlishúss á lóð nr. 6 við Hamarsgerði. Jafnframt er erindi BN059888 dregið til baka. Stækkun, 8,6 rúmm. Eftir stækkun: 161,5 ferm., 402,4 rúmm. Gjald kr. 12.100. *Frestað. Lagfæra skráningu.*
15. **Hlíðargerði 6 - BN061466** Sótt er um leyfi til að byggja léttu timburbyggingu, sólstofu, byggða ofan á timburverönd austan við hús á lóð nr. 6 við Hlíðargerði. Stærð: 8,6 ferm. í B-rými Erindi fylgir umboð eiganda dags. 6. september 2022 og yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikningum hönnuðar dags. 1. september 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 13. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 12. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Hlíðargerði 4 og 8 og Melgerði 9, 11 og 13, frá 17. apríl 2023 til og með 17. maí 2023. Engar athugasemdir bárust. Gjald kr.12.600. *Frestað. Vísað til athugasemda.*
16. **Hofteigur 22 - BN061190** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem gerð er grein fyrir breytingum á íbúðum og breytingum á stærðum á íbúð 0301 sem ekki hefur verið skráð rétt þannig að hún fer úr 69,1 ferm í 95,0 ferm auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum svölum á íbúð 0301 í húsi á lóð nr. 22 við Hofteig. Erindi fylgir lóðauppdráttur dags. 1. ágúst 2017 og samþykki þinglýstra eigenda með undirritun á yfirlýsingarblaði og á teikningum dags. 7. febrúar 2023, 1. mars 2023 og 9. mars 2023. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 11. maí 2023, ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Gjald kr. 12.600. *Frestað. Vísað til athugasemda.*
17. **Holtavegur 23 - USK23040068** Sótt er um leyfi til að breyta neðri hæð C álmu Langholtsskóla, staðsett í suðurluta matshluta nr. 01, þ.e. fyrirkomulagi snyrtinga og innra skipulagi, fjölga vinnurýmum, lækka lóð, bæta við útgangshurðum í allar kennslustofur og síkka aðliggjandi glugga, einangra og klæða tengibyggingu að utanverðu, einangra og bæta rakavörn kjallaraveggja í húsi á lóð nr. 23 við Holtaveg. Gjald kr. 14.000. *Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
18. **Hraunberg 4 - USK23050288** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl.? á lóð nr. 4 við Hraunberg. Gjald kr. 14000. *Frestað. Vísað til athugasemda.*

19. **Laugavegur 139 - USK23040234** Sótt er um leyfi til þess að setja tvennar svalir, fyrir íbúð 0201, á norðurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 139 við Laugarveg.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Ófullnægjandi gögn.
20. **Nauthólsvegur 68B - USK23040237** Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK1684375 vegna lokaúttektar á húsi á lóð nr.68B við Nauthólsveg.
Gjald kr.14000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. **Nauthólsvegur 85 - USK23050023** Sótt er um leyfi til þess að byggja þriggja hæða steinsteypt íbúðarhús ásamt kjallara, með 18 íbúðum, einangrað að utan og klætt sléttri álklæðningu, 85D, mhl.07, á lóð nr. 83 við Nauthólsveg.
Stærð: 1.089.3 ferm., 2.591.3 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 1.755.2 dags. 1. september 2022, hæðablað 1.755.2 útgáfa d, dags. 13. ágúst 2018 og hjóðvistaraskýrsla verkfræðistofunnar Eflu ehf., dags. 27. apríl 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. **Nýlendugata 19B - BN060839** Sótt er um leyfi til að lækka gólf kjallara og innrétta þar íbúðarrými, grafa frá kjallara, gera nýjan inngang og verönd, byggja verönd og svalir á suðurhlið 1., 2. og 3. hæðar, færa inngang frá gafla á suðurhlið, bæta við glugga á götuhlið, breyta innra skipulagi á öllum hæðum og sameign í kjallara og innrétta 4 íbúðir í húsi á lóð nr. 19 við Nýlendugötu. Stækkun: xx rúmm. Stærð eftir breytingar, A-rými: 252 ferm., 662,1 rúmm.B-rými: 4,2 ferm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 20. júlí 2021, umsögn Borgarsögusafns dags. 28. júlí 2021 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 12.600.
Frestað. Samþykki meðlóðarhafa þarf að fylgja erindi.
23. **Pósthússtræti 2 - USK23040222** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057907, með síðari breytingum BN059074, BN059796 og BN060890, þannig að lýsingu utan húss er breytt og skilti endurnýjuð á gafla 6. hæðar og yfir inngöngum suður og austurhlið á hótél-, skrifstofu- og veitingarhúsi á lóð nr. 2 við Pósthússtræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. ágúst 2020 og yfirlit breytinga á aðaltekningum samþykktum 3. maí 2022.
Gjald kr. 14.000.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*
24. **Rauðarárstígur 27 - USK23030371** Sótt er um leyfi til að breyta notkun atvinnuhúsnæðis og fjölga fasteignum, á 1. hæð verði þjónusta og óbreyttur veitingarekstur í flokki x, teg. x., á 2. til 4. hæð verði sex íbúðir á hverri hæð, alls 18 íbúðir, ásamt hjóla- og vagnaskýli á lóð til austurs við hús á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.
Stærð eftir breytingu: 2.166,5 ferm., 6.558,5 rúmm.
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa erindis SN210609, dags. 4. nóvember 2021, greinargerð brunahönnuðar dags. 28. mars 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. **Seljavegur 2 - USK23050074** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058098 vegna lokaúttektar, þannig að innra skipulagi íbúðar 0603, brunatjöldum fyrir bílskúra, reykraestingu í geymslukjallara og utanhússklæðningu er breytt í Mýrargötu 35 og 37 á lóð nr.2 við Seljaveg.
Gjald kr.14000.
Frestað. Lagfæra skráningu.

26. **Skyggisbraut 3 - USK23050029** Sótt erum leyfi til þess að setja upp svalalokanir á allar svalir og undir svalir 1. hæðar í fjölbýlishúsunum Skyggisbraut 1-3, mhl.03, og Gæfutjörn 2, mhl.02, á lóð nr. 1 við Skyggisbraut.
Erindi fylgir fundargerð húsfélagsins dags 18. apríl 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
27. **Skólavörðustígur 6B - USK23030280** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu tehus í rými 0101, veitingastað í flokki I tegund d, og fyrir áður gerðri inngangshurð á vesturhlíð 1. hæðar í íbúða- og verslunarhúsi nr. 6B, mhl.05, á lóð nr. 4 við Skólavörðustíg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 8. júní 2004 og fundargerð aðalfundar húsfélagsins Skólavörðustíg 6B dags. 5. maí 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
28. **Snorrabraut 29 - USK23040092** Sótt er um leyfi til að færa svalir íbúðar 0201 á austurhlíð og gera op á útvegg fyrir svalahurð, breyta staðsetningu svala í íbúð 0202 og 0203, breyta innra skipulagi íbúðar og breyta eignarhaldi í kjallara í húsi nr. 29 við Snorrabraut.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 17. mars 2023, minnisblað burðarþolshönnuðar dags. 4. apríl 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
29. **Snorrabraut 56 - USK23030200** Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi 2. hæðar atvinnuhúsnæðis, þ.e. í stað skrifstofu verði innréttað fyrir gistiheimili í flokki IV, teg. gistiskáli fyrir 60 gesti í mhl. 01 á lóð nr. 56 við Snorrabraut.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrætti og fundargerð dags. 26. apríl 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
30. **Stigahlíð 86 - USK23040168** Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu og aukaíbúð á 1. hæð, , klætt að hluta með læstri málmklæðningu, á lóð nr. 86 við Stigahlíð.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí fylgir erindi.
Stærð, A-rými: 414,1 ferm., 1.377,1 rúmm.
B-rými: 12 ferm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023.
31. **Strýtusel 7 - USK23020254** Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja léttbyggðan sólskála og byggja þess í stað steinsteypta viðbyggingu við suðurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 7 við Strýtusel.
Stækkun: 13.6 ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir hæðablað, mæliblað, yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og yfirlit breytinga á afriti af meðfylgjandi aðaluppdráttum. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25.maí 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
32. **Svarthöfði 1 - USK23040140** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými umferðaljósa milli mátlína 6 og 8, gerð grein fyrir áður gerðu millilofti, stiga og því breytt í atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Svarthöfða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga. Áður gerð stækkun: xx ferm.
Gjald kr. 14.000.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

33. **Sægarðar 11 - USK23030367** Sótt er um leyfi til að byggja skyggni úr stáli yfir aðgangshlið og vog inn á gámasvæði Eimskips á lóð nr. 11 við Sægarða.
Stærð: 173.5 ferm., 1,101,5 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað dags. 22. maí 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna dags. 3. maí 2023.
Gjald 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
34. **Sægarðar 9 - USK23030173** Sótt er um leyfi til að byggja skyggni úr stáli yfir aðgangshlið og vog inn á gámasvæði Eimskips á lóð nr. 9 við Sægarða.
Stærð: 173.5 ferm., 1,101.5 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað dags. 22. maí 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna dags. 3. maí 2023.
Gjald 14.000 kr.
Frestað. Vísað til athugasemda.
35. **Súðarvogur 46 - USK23030237** Sótt er um leyfi til að bæta við útihurð beint inni aðalrými verkstæðis, fylla uppí hurðargat milli anddyris og verkstæðis og færa til lagnarými í eignarluta 0102 í húsi nr. 46 á lóð nr. 44-48 við Súðarvog.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 28. apríl 2023, mæliblað dags. 15. maí 1962, hæðarblað ódagsett.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
36. **Tjarnargata 37 - USK23040196** Sótt er um leyfi til þess að gera fjarlægja verönd/pall við suðurhlið og gera þaksvalir á skála við vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 37 við Tjarnargötu. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
37. **Tröllaborgir 14 - USK23020323** Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og byggja einnar hæðar steinsteypta viðbyggingu við norðurgafli íbúðar 0102 með þaksvölum fyrir íbúð 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 14 við Tröllaborgir.
Stækkun: 36.6 ferm., 98.8 rúmm.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa og yfirlit breytinga á afritum af eldri samþykktum aðaluppdráttum.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
38. **Túngata 5 - USK23050301** Sótt er leyfi til að innrétta vinnustofu í mhl. 02 vinnustofu á lóð nr. 5 við Túngötu.
Gjald kr.14000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. **Úthlið 15 - USK23050300** Sótt er um leyfi til að byggja kvist í risi og inndregnar svalir út frá honum á lóð nr. 15 við Úthlið. Fyrirspurn var send inn til skipulagsfulltrúa haustið 2022 og fékk jákvæða umsögn.
Gjald 14000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Vísað til athugasemda.

40. **Vatnsstígur 4 - USK23030084** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059362 þannig að þakformi suðurhluta húss er breytt úr valma- í mansard, þakhæð dregin inn til suðurs og hús klætt mismunandi álklaðningum á lóð nr. 4 við Vatnsstíg. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
41. **Skipasund 77 - USK23030228** Sótt er um leyfi til þess að byggja bílskúr og vinnustofu úr timbri á steiptum sökklí, mhl.02, í norðvestur horni lóðar nr. 77 við Skipasund. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 1. júní 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2023 fylgir erindi. Stærð: 50.0 ferm., 164.3 rúmm. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar. Vísað til athugasemda.
42. **Öldugata 14 - USK23040198** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, sem felast m.a. í að innra skipulagi hefur verið breytt, háaloft hefur verið tekið í notkun auk þess sem sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum í tvær sjálfstæðar eignir í íbúðarhúsi á lóð nr. 14. við Öldugötu. Stækkun v. háalofts: 83.9 ferm., 0,0 rúmm. Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 26. maí 2023 og yfirlit breytinga á afriti af endurgerð teikninga Guðmundar Þorlákssonar dags. júní 1923. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál

43. **Barðastaðir 7 - USK23050291** Spurt er hvort leyfi fengist til þess að koma fyrir eldvarnarhurð á milli hjólageymslu og sorpgeymslu í fjölbýlishúsi á lóð nr. 7 við Barðastaði.
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.
44. **Efstasund 80 - fsp - USK23050168** Spurt er hvort leyfi fengist til þess að breyta staðsetningu og klæðningu bílskúrs, mhl.02, í byggingu við íbúðarhús á lóð nr. 80 við Efstasund.
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.
45. **Rauðarárstígur 5 - USK23050181** Spurt er hvort leyfi fengist til þess að koma fyrir lofttúðu út í undirgang milli samliggjandi fjölbýlishúsa nr. 5 og nr. 7, frá rými 0001 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Rauðarárstíg.
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.
46. **Snorrabraut 29 - fsp - USK23030104** Spurt er hvort leyfi fengist til þess að skipta í tvo áfanga, og fá útgefið aðskilið byggingarleyfi fyrir hvorn áfanga fyrir sig, framkvæmdum á breytingum í samræmi við samþykkt áform BN058998 í húsi á lóð nr. 27-29 við Snorrabraut.
Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.
47. **Nýlendugata 21 og 21A - USK23050141** Lóðauppdráttur. USK23050141
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 12:05

Óskar Torfi Þorvaldsson
Edda Þórsdóttir
Kristín B I. Sverrisdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir